


Föstudagsmólinn



Umhverfisdagur verður á fimmtudaginn. Þá ætlum við að brjóta upp venjubundna dagskrá og vinna með flokkun og sáningu svo eitthvað sé nefnt.


**Þetta gerðist
14. apríl**



RMS Titanic var breskt, gufuknúið farþegaskip og stærsta skip sem byggt hafði verið fram að því. Skipið lagði af stað frá Southampton í jómfrúarferð sína 10. apríl 1912. Skipið var á leiðinni til New York með stoppi í Frakklandi og Írlandi. Á fjórða degi siglingar, 14. apríl kl. 23:40, sigldi skipið utan í borgarísjaka, rúmlega 600 km frá Nýfundnalandi. Klukkan 2:20 eftir miðnætti brotnaði skipið í tvennt og sökk.

Titanic var kallað „ósökkvanlega skipið“ og þess vegna hafði það aðeins 20 björgunarbáta þótt það hafði verið hannað fyrir 64. Um það bil 2224 manns voru um borð í skipinu þegar það sökk, 337 í fyrsta farrými, 285 í öðru farrými, 721 í þriðja farrými og 885 manns í áhöfn. Aðeins 705 manns komust af og var bjargað af skipinu Carpathia. en um 1500 manns létust. Titanic fannst á hafsbotni árið 1985





Nemendur í sköpun með listaverk og 3. bekkur í býflugnalestri undir borði



Á miðvikudag keppum við í Skólahreysti. Bein útsending frá keppninni verður klukkan 14 á RÚV. Allir límdir við skjáinn og hvetja metnaðarfullu unglíngana okkar og þjálfara. Við ætlum að mæta í grænu þennan dag þar sem það er liturinn okkar í Skólahreysti.

Framundan

Mánudagur 15. apríl

Matseðill: Fiskibollur, kartöflur, karrý grjón, salat og grænmeti

- Morgunsöngur kl 8:20

Þriðjudagur 16. apríl

Matseðill: Hakk (nautakjöt og lamb) og spaghetí, salat og grænmeti

- Skólahjúkrun í 3. bekk

Miðvikudagur 17. apríl

Matseðill: Ítalskar kjötbollur (nautakjöt) ofnbakað smælki, marinara sósa, salat og grænmeti

- Skólahreysti í Laugardalshöll

Fimmtudagur 18. apríl - Umhverfisdagur

Matseðill: Fiskréttur, hrísgrjón, salat og grænmeti

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 19. apríl

Matseðill: Pizza og franskar

Svipmyndir frá vikunni. Lestur, líðan og byggingar í Frístund.

